



FÖSTUDAGUR 11. SEPTEMBER 1981

## Kartöflur fluttar úr Þykkvabænum á Svalbarðsströnd?

HORFUR með kartöfluuppskeru á Svalbarðsströnd eru mjög slæmar, samkvæmt upplýsingum sem Morgunblaðið fékk hjá Guðmundi Þórisssyni kartöflubónda að Hléskógum. Sagði Guðmundur að sýnt væri að uppskeran á þessu svæði yrði ekki næg til að sinna þörfum kartöfluverksmiðju kaupfélagsins á Svalbarðseyri og eðlilegru neyslu á svæðinu.

Taldi Guðmundur líklegt að gripid yrði til þess að flytja

kartöflur frá Þykkvabæ, eða jafnvel erlendis frá, til þess að unnt yrði að sinna hráefnisþörf verksmiðjunnar. Sagðist Guðmundur telja að kartöfluuppskeran yrði allt að þriðjungur minni í ár en var í fyrra og aðalástæðan væri óhagstætt veðurfar. Grös féllu víða snemma og júlímánuður var mjög kaldur, en þó sagði Guðmundur góða uppskeru á einstaka stað. Hann sagðist ætla, að uppskeran yrði að líkindum þriðjungur minni en í fyrra, en þá var heildaruppskera um 2000 tonn.

Hreinn Gunnlaugsson, verkstjóri í kartöfluverksmiðju kaupfélagsins á Svalbarðseyri, sagði í samtali við Morgunblaðið í gær, að ef kartöflur yrðu ekki til á landinu, gerðu þeir ráð fyrir því að fá að flytja inn kartöflur.



Norðanáttin mun halda áfram að gera landsmönnum lífið leitt í dag. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Morgunblaðið fékk hjá Braga Jónssyni, veðurfræðingi, verður norðanátt um allt land, þó svolítið austanstað austanlands. Rigning verður á Norður- og Austurlandi, skýjað með köflum á Suður- og Vesturlandi og hætt við rigningu, en heldur mun hitastig hækka. Það sem þessu veldur er djúp lægð sem nálgast nú landið suðaustanvert.

Ljósmynd Mbl. Ó.L.K.M.

## Lárus til Fortuna Düsseldorf



Landsliðsmiðherjinn Lárus Guðmundsson í Víkingi hefur fengið boð um að fara til vestur-þýzka knattspyrnufélagsins Fortuna Düsseldorf, sem leikur í 1. deild þar í landi. Lárus mun stunda æfingar hjá félaginu og eru miklar líkur taldar á því að félagið bjóði honum samning til tveggja ára.

Hér á landi er staddur þýzkur umboðsmaður að nafni Reinke og hefur hann rætt við Lárus. Hann var einnig á landsleik Íslendinga og Dana í Kaupmannahöfn á dögnum ásamt forseta Fortuna Düsseldorf til að fylgjast með Lárusi.

Lárus sagði í samtali við Mbl. í gærkvöldi að hann myndi að öllum líkindum fara til Düsseldorf eftir Evrópuleik Víkinga og Bordeaux í Frakklandi 30. september. Lárus vildi lítið ræða málið frekar á þessu stigi. Vitað er að hann er spennur fyrir atvinnumennsku í knattspyrnu og ef þýzka liðið gerir honum gott tilboð er líklegt að hann slái til og gerist leikmaður í þýzku deildarkeppinni.

## Flugleiðir:

# Forsenda breiðbotukaupa er áframhaldandi stuðningur ríkisvaldsins 2,3 millj. kr. gengistap á sl. átta mánuðum

„BREIÐBOTUMÁLIN voru rædd á stjórnarfundinum og skýrsla starfsmanna um möguleikana og tillögur þar að lútandi, en skýrslan verður nú send Steingrími Hermannssyni samgönguráðherra samkvæmt beiðni hans til athugunar.“ sagði Sigurður Helgason forstjóri Flugleiða í samtali við Mbl. í gær en í blaðinu í gær var greint frá því að Flugleiðamenn teldu hagstæðast fyrir félagið að hefja breiðboturekstur með annað hvort DC-10 eða Boeing 747.

Aðspurður um ákvörðun í þessum efnunum sagði Sigurður augljóst að um hallarekstur yrði að ræða áfram hjá félaginu eins og mál stæðu,“ en forsenda þess að félagið hefji rekstur breiðbotu er einhvers konar

áframhaldandi stuðningur ríkisvaldsins við Flugleiðir,“ hélt Sigurður áfram, „og þá fyrst er hægt að meta það hvaða tegund er hentugust af þeim tveimur sem við teljum helst koma til greina. Það er mikið

framboð af breiðbotum og hægt að gera hvers konar samninga í þeim efnunum með stuttum fyrirvara.“ Stefnt er að rekstri breiðbotu næsta vor.

Í frétt frá Flugleiðum sem birtist á miðopnu í dag segir, að sá mikli vandi,

sem stærstu útflutningsaðilar landsins til Vestur-Evrópu standa frammi fyrir, vegna styrkrar stöðu dollarans, sé einnig mjög alvarlegur hjá Flugleiðum og á sl. átta mánuðum hafi gengistap Flugleiða numið 2,3 millj. kr. (2300 millj. gkr.), eða 2,9 millj. dollara.


Sjá frétt á miðopnu.

## Kaupir Reykjavíkurborg Lífshlaup Kjarvals?

LÍFSLAUP Kjarvals stendur nú almenningi til sýnis á Kjarvalsstöðum. Guðmundur

Axelsson í Klausturhólum, sem keypti Lífshlaupið á sínum tíma og lét gera við það og stendur nú fyrir sýningunni á Kjarvalsstöðum, segir það alveg óráðið hvort eða hverjum það verði selt, og engir hafi enn falað það til kaups.

Að sögn Davíðs Oddssonar hefur borgarstjóra nú verið falið að ræða óformlega við Guðmund um verkið og framtíð þess. Innan stjórnar Kjarvalsstaða mun ekki hafa komið til umræðu nú að kaupa verkið, en á sínum tíma þegar verkið var enn í Austurstræti, var það rætt nokkuð.



Lífshlaup Kjarvals er nú til sýnis á Kjarvalsstöðum.

## Júlíus Thorarensen formaður Starfsmannafélags SÍS-verksmiðja:

# Ógeðfæld ummæli ráðherra sýna svo sannarlega hug sumra stjórnmalamanna

„Veit ekki hvað hann meinar, skil ekki hans sjónarmið.“ — segir Kristín Hjálmarsdóttir formaður Iðju

„ÉG VARÐ mjög undrandi á þessum ummælum menntamálaráðherra en þau sýna svo sannarlega hug sumra stjórnmalamanna og hvernig þeir bregðast við, þegar fólk finnst nógu komið og það leyfir sér þau ósköp að standa upp og andmæla. Ef hann ætlar að halda uppi slíkum málflutningi þá ætti hann fyrst að leita álits sinna umboðenda. Við höfum ekki áhuga á slíkum ummælum,

sem hann hafði um fundinn í Félagsborg. Okkur finnst þau ógeðfæld.“ sagði Júlíus Thorarensen formaður Starfsmannafélags starfsmanna SÍS-verksmiðjanna á Akureyri, í viðtali við Mbl. í gær í tilefni af ummælum Ingvars Gíslasonar í landsmálblaðinu Degi nú í vikunni. „Ég veit ekki hvað hann meinar og skil ekki hans sjónarmið.“ sagði Kristín Hjálmarsdóttir formaður Iðju á

Akureyri af sama tilefni. Júlíus sagði einnig: „Ef menntamálaráðherra telur þetta eðlilegt ástand fyrir fullfriska menn og konur, sem hafa um árablið starfað í þessum greinum og þar með lagt sitt af mörkum til eflingar íslenskrum iðnaði, þá er það hans mál. Í tilefni af ummælum hans um að þessi fundur hafi verið til þess að veikja trúna á íslenskum iðnaði þá má hann vita það, að við

teljum það ástand sem ríkir í iðnaði í dag óeðlilegt. Við teljum að allt sem bendir á minnkandi atvinnu, — allt sem bendir á afturför sé óeðlilegt framgangi og velferð þjóðarinnar. Þess vegna viljum við að allir viti það og vekjum athygli á því að við tókum þátt í þessum fundi vegna þess að við trúum á íslenskan iðnað og ætlum að gera það áfram. — Hvað svo sem hann segir.“